

## Sameiginleg yfirlýsing Samtaka atvinnulífsins annars vegar og VR-LÍV auk félaga iðnaðarmanna hins vegar


Samningsaðilar skipa sameiginlegan starfshóp sem hefur það hlutverk að fylgjast með framvindu efnahagsmála, þróunar verðlags og undirliggjandi þátta. Starfshópurinn skal skipaður tveimur fulltrúum tilnefndum af SA og tveimur fulltrúum sameiginlega af samninganefndum þeirra stéttarféлага sem aðild eiga að þessari yfirlýsingu. Starfshópurinn mun funda mánaðarlega auk þess að funda ársfjórðungslega með fulltrúum Seðlabanka Íslands, fjármála- og efnahagsráðuneytis, Hagstofu Íslands auk innviðaráðuneytisins vegna húsnæðismála. Jafnframt er hlutverk hópsins að stuðla að betri upplýsingagjöf til neytenda til að auka samkeppni. Á fundum hópsins verður farið með ítarlegum hætti yfir þróun verðlags á tímabilinu og mat aðila á þróun næstu missera.

Samningsaðilar hafa við samningsgerð horft til spár Seðlabanka Íslands um verðbólguþróun og aðrar hagstærðir. Verði þróun verðbólgu með þeim hætti að teljast verður líklegt að forsendur sem liggja að baki kjarasamningum gangi ekki eftir mun starfshópurinn greina nánar orsakir neikvæðrar þróunar og getur óskað eftir skýringum á breytingum á t.a.m. ákveðnum vöruflokkum, þróun eldsneytisverðs og gjaldskrár banka. Verði óútskýrð frávik frá viðmiðum getur starfshópurinn sent frá sér sameiginlega yfirlýsingu þar sem beint er tilmælum til einstakra markaða að gæta þurfi að verðhækkunum, auk þess að óska eftir viðbrögðum frá hinu opinbera krefjist aðstæður þess.







Þá skipa aðilar sérstaka forsendunefnd sem skipuð er fjórum fulltrúum og er skipuð með sama hætti og kveðið er á um í 1. mgr. Verði þróun efnahagsmála með þeim hætti að forsendunefnd meti að forsendur um þróun verðlags hafi brostið verður kallað til sérstaks fundar þar sem rædd verða viðbrögð aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda.

Reykjavík, 12. desember 2022

F.h. VR og Landssambands íslenskra verslunarmanna



F.h. Samflots iðnaðarmanna

F.h. Samtaka atvinnulífsins

